
Upplýsingaöryggisstefna



1. Tilgangur upplýsingaöryggisstefnu

Upplýsingaöryggisstefna Íbúðalánasjóðs styður við samfelldan rekstur og þjónustu og lágmarkar þannig rekstrarhættu og hámarkar öryggi verðmæta í eigu og umsjón sjóðsins.

2. Markmið upplýsingaöryggisstefnu:

Meginmarkmið með stefnunni er að:

- tryggja áreiðanleika upplýsinga sem veittar eru til hagsmunaaðila,
- hámarka öryggi upplýsinga og búnaðar í eigu og vörslu sjóðsins,
- stuðla að aukinni vitund um upplýsingaöryggi,
- tryggja hlítinu við lög og reglur er varða meðhöndlun upplýsinga og samninga sem sjóðurinn hefur gert.

3. Umfang

Upplýsingaöryggisstefnan er bindandi fyrir starfsmenn og lögaðila sem veita sjóðnum þjónustu, og nær einnig til reksturs, aðstöðu, kerfa og meðhöndlun upplýsinga

4. Framkvæmd og ábyrgð

Framkvæmdastjórn sér til þess að upplýsingaöryggisstefnunni sé framfylgt með því að setja markmið og reglur og tryggja viðeigandi ráðstafanir til að framfylgja þeim. Stefnan felur í sér skuldbindingu um stöðugar umbætur á stjórnun upplýsingaöryggis.

Allir starfsmenn og lögaðilar sem veita sjóðnum þjónustu eru skuldbundnir til að vernda upplýsingar, gögn og kerfi gegn óheimilum aðgangi, notkun, breytingum, uppljóstrun, eyðileggingu, glötun eða flutningi. Aðilar sem brjóta gegn upplýsingaöryggisstefnu Íbúðalánasjóðs geta átt yfir höfði sér áminningu í starfi, uppsögn eða að beitt verði viðeigandi lagalegum ráðstöfunum allt eftir eðli og umfangi brots.

5. Endurskoðun

Endurskoðað skal upplýsingaöryggisstefnu þessa á minnst þriggja ára fresti eða ef breytingar verða á skipulagi eða starfssemi sjóðsins. Stefnuna skal leggja fyrir og staðfesta í framkvæmdastjórn og undirrita af forstjóra og lögð fram til kynningar fyrir stjórn sjóðsins

Reykjavík, 29. apríl 2018

Hermann Jónasson,

forstjóri